



Innra mat 2019

Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

[Type here]

Efnisyfirlit

Lýsing á starfsemi skólans	3
Skólanámskrá og mat á skólastarfi	5
Innra mat	6
Verk- og framkvæmdaáætlun 2017 til 2020	6
Samantekt á lykiltölum.....	7
Kennslukönnun.....	10
Skólapúlsinn.....	13
Útskrifaðir nemendur	13
Nemendakönnun og foreldrakönnun.....	14
Úttekt á námsáætlunum og einkunnarreglum.....	15
Náms- og starfsráðgjöf	17
Forvarnir	17
Næring	17
Hreyfing	18
Geðrækt.....	18
Vímuefnavarnir.....	19
Skólahjúkrun.....	19
Heilsueflandi framhaldsskóli	20
Umhverfismál	20
Erlend samskipti/samstarf.....	21
Húsnæði skólans.....	21
Starfsmannamál	22
Þróunarverkefni í skólastarfi 2018-2019	24
Umbótaaðgerðir	25
Faglegt samstarf og þróunarstarf	25
Gerð námsáætlana	25
Notkun einkunnarreglu í Innu	25
Farsælt námsgengi í framtíð.....	25
Þróun á innra mati hjá FVA.....	26
Lokaorð.....	Error! Bookmark not defined.

Lýsing á starfsemi skólans

Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi (FVA) starfar skv. *Lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008*. Í lögunum segir m.a.:

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.

FVA er á margan hátt dæmigerður fyrir íslenska framhaldsskóla sem starfa utan Reykjavíkursvæðisins. Nemendur eru hátt í 500 talsins og fjöldi starfsfólks um 70, þar af um 50 kennarar (meðaltöl 2018 - 2019). Líkt og flestir fjölbrautaskólar úti á landi tekur hann við mjög breiðum hópi nemenda og leitast við að þjóna þörfum allra íbúa á svæðinu, bæði unglinga og fullorðinna, fyrir menntun á framhaldsskólastigi. Fyrir vikið er nemendahópurinn sundurleitur og námsframboð breitt. Við skólann eru:

- Bóknámsbrautir sem leiða til stúdentsprófs.
- Verknámsbrautir í málm-, raf- og tréiðngreinum.
- Samningsbundið iðnnám.
- Framhaldsskólabraut.
- Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur.
- Dreifnám, s.s. sjúkraliðabraut og nám til iðnmeistaraprófs.

Skólinn starfar eftir áfangakerfi sem þýðir meðal annars að nemendur skiptast ekki í bekki heldur fær hver og einn sína einstaklingsstundaskrá í upphafi hverrar annar.

Við skólann eru þrjár stjórnendur sem bera ábyrgð á kennslu og skipulagningu hennar. Þeir eru skólameistari, aðstoðarskólameistari og áfangastjóri. Til viðbótar eru sex kennarar í hlutastarfi við faglega stjórnun. Þeir kallast deildarstjórar og hafa umsjón með samráði og samvinnu kennara sem kenna svipaðar námsgreinar. Námsgreinarnar skiptust með þessum hætti á deildarstjórana á skólaárinu 2018-2019:

- Erlend tungumál
- Iðn- og verknám
- Íslenska, saga, samfélagsgreinar og íþróttir
- Raungreinar og heilbrigðisgreinar
- Starfsbrautaráfangar
- Stærðfræði, viðskipta- og tölvugreinar

Framangreint fyrirkomulag um að hafa einn deildarstjóra yfir iðn- og verknámi sem og einn yfir íslensku, sögu, samfélagsgreinum og íþróttum var tímabundin ráðstöfun. Á vorönn 2019 var ákveðið

að fjölga deildarstjórum aftur á næsta skólaári, til að tryggja betri þjónustu og skipulag í skólstarfinu.

Markmið og stefna FVA eru skilgreind í fyrsta kafla fyrsta hluta skólanámskrár FVA, 16. útgáfu 2019. Þar kemur m.a. fram þríþætt stefna skólans, sem er að:

1. Veita öllum nemendum sínum góða menntun sem felur í sér þekkingu, leikni og hæfni í einstökum greinum, víðsýni og gagnrýna hugsun, ábyrgð og sanngirni, vandvirkni og góð vinnubrögð.
2. Vera umhyggjusamur um velferð nemenda sinna og stuðla að heilbrigðum lífsháttum.
3. Bera virðingu fyrir hverjum einstaklingi og koma fram við alla í anda jafnréttis og lýðræðis.

Mat á árangri vinnu sem miðar að því að uppfylla stefnu og markmið má m.a. sjá í niðurstöðum innra mats sem byggir einkum á eftirfarandi:

- Viðhorfskönnunum
- Kennslukönnunum
- Rýni í töluleg gögn
- Viðtölum
- Rýnihópum

Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu skólans (<http://www.fva.is>).

Stoðþjónusta

Á skólaárinu 2018-2019 starfaði einn náms- og starfsráðgjafi við skólann í 100% starfshlutfalli sem jafnframt gegndi hlutverki forvarnarfulltrúa. Að jöfnu eru tveir náms- og starfsráðgjafar starfandi í 125% hlutfalli, en annar þeirra var í námsleyfi á skólaárinu.

Einnig starfaði skólahjúkrunarfræðingur við skólann í 25% stöðuhlutfalli. Auk þess hefur skólinn aðgengi að sálfræðiþjónustu fyrir nemendur í skólanum í samstarfi við Akraneskaupstað.



Skólanámskrá og mat á skólastarfi

Skólanámskrá FVA er á rafrænu formi og er aðgengileg á heimasíðu skólans:
<http://fva.is/index.php/skolanamskra>.

Í skólanámskrá koma fram upplýsingar um meginmarkmið skólans.
Kaflarnir skiptast í:

- Stefna, áætlanir og innra mat
- Námsframboð, skipulag náms og mat á námi
- Samskipta- og skólareglur
- Samstarf
- Húsnæði, þjónusta, starfsfólk og skóladagatal

Rafræn birting tryggir auðvelt aðgengi að innihaldi skólanámskrár sem verður þannig að lifandi skjali og síður hætta á að menn missi sjónar á þeim markmiðum sem þar eru sett. Í kaflanum um innra mat kemur fram hvernig okkur miðar í vinnu við að uppfylla stefnu og sett markmið, frá sjónarhóli nemenda, kennara og annarra hagsmunaaðila.

Innra mat

Innra mat FVA er í höndum aðstoðarskólameistara og gæðastjóra/verkefnastjóra mannauðsmála.

Verk- og framkvæmdaáætlun 2017 til 2020

Vorönn 2017 Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum Nemendakönnun Foreldrakönnun Útskrifaðir nemendur	Haustönn 2017 Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum
Vorönn 2018 Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum Nemendakönnun	Haustönn 2018 Samantekt á lykiltölum Kennslukönnun Skólapúlsinn Rýnihópur deilda
Vorönn 2019 Samantekt á lykiltölum Kennslukönnun Nemendakönnun Foreldrakönnun Útskrifaðir nemendur	Haustönn 2019 Samantekt á lykiltölum Kennslukönnun
Vorönn 2020 Samantekt á lykiltölum Kennslukönnun Nemendakönnun	Haustönn 2020 Samantekt á lykiltölum Kennslukönnun Skólapúlsinn Rýnihópur deilda

Hér á eftir er fjallað um niðurstöður þátta samkvæmt verk- og framkvæmdaáætlun fyrir haustönn 2018 og vorönn 2019, lagt mat á árangur, hvað betur mætti fara og birt áætlun um úrbætur, eftir því sem við á.

Samantekt á lykiltölum

Á haustönn 2018 voru nemendur FVA 526 í upphafi annar, þar af luku 518 prófum. Á vorönn 2019 voru nemendur 467 í upphafi annar, þar af luku 458 prófum. Skiptingu nemenda eftir kyni, árgöngum og brautum má sjá í töflum hér fyrir neðan.

Nemendafjöldi				
Eftir kyni				
	Haustönn 2018		Vorönn 2019	
KK	307	58%	272	58%
KVK	219	42%	195	42%

Nemendafjöldi				
Eftir árgöngum				
	Haustönn 2018		Vorönn 2019	
1993 og fyrr	97	18%	83	18%
1994	6	1%	3	1%
1995	4	1%	6	1%
1996	15	3%	11	2%
1997	10	2%	7	2%
1998	21	4%	13	3%
1999	56	11%	36	8%
2000	88	17%	86	18%
2001	113	21%	109	23%
2002	116	22%	113	24%

Nemendur eftir pósthúsnúmerum				
	Haustönn 2018		Vorönn 2019	
101-270	29	6%	26	6%
300	380	72%	343	73%
301	23	4%	22	5%
310-311	36	7%	27	6%
320-356	18	3%	14	3%
370-380	16	3%	16	3%
400+	24	5%	19	4%



Nemendur eftir brautum				
	Haustönn 2018		Vorönn 2019	
AN	1			
BB	9	2%		
FÉL	59	11%	50	11%
FRH	21	4%	24	5%
GR	38	7%	35	8%
HÚ8	9	2%	7	2%
HÚS	44	8%	39	8%
MAH	1			
MB	1			
MG	25	5%	22	5%
NÁT	101	19%	86	18%
OS	89	17%	88	18%
ÓTN	2		5	1%
RK8	21	4%	12	3%
RK9	4		2	
SJ			26	6%
SJÚ	35	7%	5	1%
ST4	19	4%	19	4%
VS8	42	8%	34	7%
VSS	3		3	1%
VIS			10	2%

Brottfall á skólaárinu 2018-2019 var að meðaltali 4,45%; 3,4% á haustönn og 5,5% á vorönn. Skipting nemenda sem hættu í námi má sjá í töflum hér fyrir neðan, eftir aldri og kyni.

Brottfall nemenda				
Eftir kyni				
	Haustönn 2018		Vorönn 2019	
Konur	3	37%	5	45%
Karlar	5	63%	6	55%

Brottfall nemenda				
Eftir fæðingarári				
	Haustönn 2018		Vorönn 2019	
2002			5	46%
2000-2001	1	13%	4	36%
1999 og eldri	7	87%	2	18%

Skipting nemenda sem hættu í stökum áföngum má sjá í töflum hér fyrir neðan, eftir aldri og kyni.

Eftir kyni				
	Haustönn 2018		Vorönn 2019	
Konur	17	30%	39	54%
Karlar	39	70%	33	46%

Eftir fæðingarári				
	Haustönn 2018		Vorönn 2019	
2001-2002	18	32%	43	60%
1999-2000	12	21%	22	30%
1998 og eldri	26	46%	7	10%

Meðaleinkunn nemenda á haustönn 2018 var 7,05 og fallprósentan 12,6%; á vorönn 2019 var meðaleinkunnin 6,74 og fallprósentan 15%.

Skólasóknareinkunn nemenda á skólaárinu 2018-2019 var samkvæmt töflu hér fyrir neðan.

Einkunn	Haustönn 2018	Vorönn 2019
10	18%	13%
9	9%	6%
8	10%	6%
7	28%	35%
6	6%	6%
5	2%	5%
4	3%	1%
3	2%	1%
2	2%	2%
1	14%	18%
U	6%	6%

Framangreind samantekt á lykiltölum gefur mynd af stöðunni á þessu ári. Í næstu skýrslu er fyrirhugað að setja lykiltölur þannig fram að þær sýni þróun yfir lengra tímabil. Þannig má betur gera sér grein fyrir t.d. samsetningu nemendahópsins, þróun brauta, námsgengi (meðaleinkunn, fallprósentu, mætingum og brottfalli) og tengja niðurstöður hverju sinni gæðamælikvörðum og áætlunum um kennsluáfangi og þróun þeirra. Sjá nánar í kaflanum Umbótaáðgerðir, bls. 25.

Kennslukönnun

Haustið 2017 hófst vinna við endurskipulagningu innra mats við skólann. Eitt af fyrstu verkum þeirrar endurskipulagningar var að endurvinna kennslukönnun sem hafði verið lögð fyrir nemendum skólans. Stærsta breytingin var sú, að í stað þess að könnunin sé lögð fyrir óreglulega fyrir hluta nemenda, þá var tekin ákvörðun um að leggja hana fyrir á hverri önn fyrir alla nemendum skólans. Þetta er gert til þess að auka réttmæti kannananna, auðvelda samanburð á milli ára og svo hægt sé að fylgjast betur með þróun kennslu innan skólans. Til að koma til móts við aukna tíðni kannana sem nemendum þurfa að svara, þá var gerð ný könnun sem var unnin upp úr eldri könnun með það að markmiði að stytta könnunina og gera hana hnitmiðaðri.

Í nýju kennslukönnuninni var spurt um eftirfarandi atriði: Samskipti nemenda við kennara, tækifæri nemenda til að tjá sig og koma sínum sjónarmiðum á framfæri, virkni nemenda í kennslustundum, hvort kennari hvetji nemendum til að gera sitt besta, hvort kennari hvetji nemendum til að hugsa á gagnrýninn hátt, hvort kennari sé vel undirbúinn í kennslu, stundvísi kennara, hvort kennari noti fjölbreyttar kennsluáðferðir, hvort kennari hvetji til sjálfstæðra vinnubragða, hvort nemendum fái leiðbeinandi mat um stöðu sína í tilteknum áfanga, hvort kennari bendi nemendum á hvernig þeir geti bætt sig í tilteknum áfanga, skipulagningu og tímastjórnun kennara, hvort kennari útskýri námsefni vel, tækifæri nemenda til að vinna með öðrum nemendum, hvort kennari veiti spurningum nemenda athygli og bregðist við þeim, vinnuanda í kennslustundum og hvort námsgögn séu í lagi.

Kennslukönnun haust 2018

Könnunin var lögð fyrir alla nemendur skólans. Hver nemandi svaraði könnuninni fyrir hvern og einn áfanga sem hann var í þegar könnunin var lögð fyrir. Svarhlutfall könnunarinnar var 47%. Niðurstöður kennslukönnunarinnar haustið 2018 voru almennt mjög jákvæðar en í flestum atriðum voru yfir 80% nemenda mjög jákvæðir eða frekar jákvæðir í afstöðu sinni. Í eftirfarandi atriðum voru færri en 80% nemenda mjög eða frekar jákvæðir í afstöðu sinni: Kennarinn útskýrir námsefnið vel í tímum (76%), kennarinn notar kennsluaðferðir sem hvetja mig til sjálfstæðra vinnubragða (74%), kennarinn hvetur mig til að hugsa á gagnrýninn hátt (72%), kennarinn notar fjölbreyttar kennsluaðferðir (68%), ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga (68%), kennarinn bendir mér á hvernig ég get bætt mig í áfanganum (67%). Niðurstöður könnunarinnar voru síðan ræddar á fundi meðal kennara, þar sem þeir lögðu fram tillögur um hvernig hægt væri að bæta fyrrnefnd atriði.

Kennslukönnun vor 2019

Kennslukönnunin sem var lögð fyrir vorið 2019 var að því leyti frábrugðin könnuninni á haustönn 2018 að nemendur í dagskóla og nemendur í dreifnámi fengu aðskilda könnun en þó með sömu spurningum. Þetta þýðir að niðurstöður könnunar á vorönn eru ekki fyllilega sambærilegar við niðurstöður fyrri kannana. Niðurstöður dagskólakönnunarinnar voru aðeins slakari en í heildarkönnuninni um haustið en aftur á móti voru niðurstöður könnunar í dreifnámi mun betri. Þegar niðurstöður þessara kannana eru lagðar saman þá er útkoman svipuð og áður.

Svarhlutfall í dagskólakönnuninni var 41,8%, sem er nokkuð lægra en í undanförunum könnunum. Atriði sem færri en 80% nemenda voru jákvæðir eða mjög jákvæðir voru: Kennarinn gefur nemendum tækifæri til að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri (79%), ég tek virkan þátt í kennslustundum í þessum áfanga (79%), kennarinn hvetur mig til að gera mitt besta (78%), kennarinn hvetur mig til að hugsa á gagnrýninn hátt (70%), kennarinn notar fjölbreyttar kennsluaðferðir (63%), kennarinn notar kennsluaðferðir sem hvetja mig til sjálfstæðra vinnubragða (71%), ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga (68%), kennarinn bendir mér á hvernig ég get bætt mig í áfanganum (62%), kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur (79%), kennarinn útskýrir námsefnið vel í tímum (76%), ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum nemendum (77%), ég er ánægð/-ur með námsgögnin sem eru notuð í áfanganum (73%).

Svarhlutfall meðal nemenda í dreifnámi var 32,3%. Hjá dreifnámsnemendum var engin spurning með undir 80% í jákvæðir eða mjög jákvæðir. Hjá dreifnámsnemendum voru niðurstöður á þann veg að í meira en 80% tilvika var spurningum svarað með jákvæðir eða mjög jákvæðir.

Þegar niðurstöður kannananna frá 2017 og 2018 eru bornar saman við niðurstöður 2018 og 2019 kemur í ljós óverulegur munur. Svarhlutfall hefur hins vegar lækkað en gefur engu að síður ágæta vísbendingu um hvar má gera betur.

Viðbrögð við niðurstöðum

Markmið með fyrirlögn kennslukönnunar er fyrst og fremst að leggja mat á gæði kennslu út frá sjónarhóli nemenda. Niðurstöður kennslukönnunar geta gefið kennurum ágætar vísbendingar um gæði áfanga og það sem betur mætti fara í kennsluháttum. Strax eftir að könnun lýkur fá kennarar samantekt fyrir alla hópa auk þess sem þeir sjá niðurstöður sinna hópa í Innu.

Skólameistari ber ábyrgð á að niðurstöðum kennslukönnunar sé fylgt eftir. Slík eftirfylgni getur átt sér stað með ýmsu móti. T.d. eru niðurstöður ræddar við kennara í starfsmannasamtölum auk þess sem farið er yfir samantektir á kennarafundi og rætt innan hópsins hvernig bæta má það sem betur má fara. Viðtöl við kennara benda til þess að vel flestir nýti niðurstöður kennslukannana og leitist við að bregðast við ábendingum nemenda.

Eftirfarandi spurningar (sjá feitletraðar fyrirsagnir hér fyrir neðan) komu ekki nægilega vel út í kennslukönnun vorið 2019. Í kjölfarið var unnið með þær í hópavinnu kennara. Niðurstöður úr þeirri vinnu eru birtar í kjölfar spurningar.

Kennarinn hvetur mig til að hugsa á gagnrýninn hátt

Opnar spurningar – umræður um verkefni; Leyfa nemendum að tjá sig meira um verkefnin; Meira af hópverkefnum; Meiri samvinnu; Meira lýðræði; Tengja námið við þeirra veruleika; Hvetja til rökstuðnings og umræðna; Kenna hugtök sem tengjast gagnrýnni hugsun; Hvetja nemendur til að taka ekki öllu sem gefnu; Líta inn á við á sína vinnu.

Kennarinn notar fjölbreyttar kennsluaðferðir

Aukið samstarf kennara þvert á námið; Jafningjamat; Fjölbreytt kennsluefni; Sýnikennsla með þátttöku nemenda; Sjálfskoðun kennara; Ræða við nemendur um hvað þeim finnst; Aukið samstarf við aðra kennara; Rannsaka kennsluaðferðir; Hvetja kennara; Umræðuhópar á meðal kennara um kennsluna; Óska eftir hugmyndum frá nemendum; Vera óhrædd við að breyta til og prófa nýja hluti Faggreinafundir; Gagnabanki með mismunandi kennsluaðferðum; Endurgjöf á náms/kennsluáætlanir.

Kennari notar kennsluaðferðir sem hvetja mig til sjálfstæðra vinnubragða

Aukin endurmenntun/símenntun kennara; Meira af hópverkefnum; Sjálfstæð verkefni; Byggja upp trú nemenda á sjálfan sig og eigin getu; Ekki mata nemendur; Gefa nemendum efni sem þeir ráða við Taka hart á ritstuldi; Vinna markvisst að þessu alla önnina; Bera saman stöðu nemenda í upphafi og lok annar og ræða það við nemendur; Nota fjölbreyttar kennsluaðferðir; Opnari verkefnalýsingar – nemendur fá meira ráðið um það hvernig þeir vinni verkefnin.

Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga

Miðannarmat; Þróa áfram miðannarmatið, aukið samræmi; Fleiri kannanir; Jafningjamat Stöðug og regluleg endurgjöf; Hvetja nemendur til að nýta sér Innu sem leiðbeinandi mat; Nemendaviðtöl – Einstaklingsviðtöl, t.d. tengd miðannarmati.

Kennarinn bendir mér á hvernig ég get bætt mig í áfanganum

Einstaklingsviðtöl; Hvetja nemendur til að vega og meta stöðu sína; Skrifa gagnlegar umsagnir um verkefni og hvetja nemendur til að lesa þær; Gefa nemendur tækifæri á að laga/bæta verkefni út frá athugasemdum; Markviss endurgjöf í gegnum verkefni og samtöl.

Kennarinn útskýrir námsefnið vel í tímum

Spyrja nemendur hvort þeim þyki eitthvað vanta, hvort einhverjum spurningum sé ósvarað, nota t.d. öpp við þær kannanir og ræða niðurstöður við nemendur í framhaldi; Samliggjandi tímar; Betra skipulag töflu; Fjölbreyttar kennsluaðferðir; Skerpa á ábyrgð nemenda á þeirra eigin námi.

Á haustönn 2019 er fyrirhugað að kennarar rýni áfram þessar niðurstöður með það að leiðarljósi að nýta þær til að bæta og þróa kennsluhætti til árangurs. Í þessu sambandi má nefna umræðuhópa á skipulögðum og reglubundnum vinnufundum kennara þar sem sjónum er beint sérstaklega að tilgreindu efni, s.s. uppbyggingu brauta, forkröfum í háskólanám, starfendarannsóknunum o.fl., samanber niðurstöður hér framar.

Skólapúlsinn

Skólpúlsinn framkvæmir samræmda könnun á meðal framhaldsskólanema í nóvember ár hvert. Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins á haustönn 2018 er líðan nemenda FVA almennt betri en líðan nemenda annarra framhaldsskóla sem tóku þátt í könnuninni. Tölfræðilega marktækur munur er m.a. á mælingu á þunglyndi. Nemendur FVA mælast 8,4% lægri í þunglyndi en nemendur í viðmiðunarskólunum. Svarhlutfall 2018 var 65%.

Útskrifaðir nemendur

Í apríl 2019 var gerð könnun á meðal nemenda FVA sem útskrifuðust fyrir þremur árum (haust og vor 2016). Svarhlutfall var 44%.

Helstu niðurstöður

56,7% voru í námi og 43,2% í vinnu.

59,5% svarenda töldu nám í FVA hafa undirbúð þá mjög eða frekar vel undir framhaldsnám, 16,2% voru hlutlausir, 16,2% mjög eða frekar sammála, aðrir fóru ekki í áframhaldandi nám.

Þegar spurt var hvort kennsla í FVA hafi verið metnaðarfull voru 71% mjög eða frekar sammála, 13% hlutlaus og 16% frekar ósammála og enginn mjög ósammála.

Þegar spurt var um líðan nemenda í FVA voru 89% mjög eða frekar sammála að þeim hafi liðið vel í FVA. 11% voru hlutlausir og enginn taldi sig vera frekar eða mjög ósammála.

70% svarenda töldu námið í FVA vera þungt, 22% voru hlutlausir og 8% frekar ósammála.

Í opinni spurningu var spurt um hvaða áfanga þeim fyndist vanta; fram komu tillögur um nokkra áfanga sem fyrirhugað er að rýna betur.

Taka má mið af niðurstöðum framangreindra kannana þegar lagt er mat á hvernig skólinn nær að framfylgja settri stefnu og markmiðum sínum; álykta má sem svo:

- Nemendum líður flestum vel í FVA.
- Nemendur telja sig nokkuð vel undirbúna fyrir framhaldsnám.
- Nemendur telja námið hæfilega þungt.
- Nemendur hafa óskir um fjölbreyttara námsmat og kennsluhætti.
- Nemendur hafa óskir um að hafa meiri áhrif á skipulag kennslu.



Nemendakönnun og foreldrakönnun

Samkvæmt verk- og framkvæmdaáætlun var fyrirhugað að leggja fyrir nemendakönnun og foreldrakönnun á vorönn 2019. Horfið var frá því og ákveðið að fresta þeim til haustannar 2019.

Þar sem nemendakönnun var ekki framkvæmd fengust ekki tölulegar upplýsingar um ánægju nemenda með námsmatsdaga, nýtingu bókasafns og mótuneytis, ánægju með þjónustu skrifstofu og ánægju nemenda og nýtingu þeirra á heimasíðu og tölvukosti skólans.

Með frestun fékkst hins vegar rýmri tími til að rýna betur niðurstöður annarra kannana og gera jafnframt úttekt á kennsluáætlunum og einkunnareglum með það að leiðarljósi að koma á umbótum á sviði kennsluhátta og þróunar skólastarfsins. Sjá nánar í kaflanum Umbótaáðgerðir, bls. 25, í þessari skýrslu.

Úttekt á námsáætlunum og einkunnarreglum

Á vorönn 2019 var gerð nákvæm úttekt á kennsluáætlunum allra áfanga, líkt og gert var árið áður. Skoðaður var fjölbreytileiki í kennsluháttum og námsmati þar sem kannanir meðal nemenda höfðu leitt í ljós óskir um fjölbreyttara námsmat og kennsluhætti, auk þess sem nemendur vildu hafa meiri áhrif á skipulag kennslu. Þessi úttekt var einnig notuð til að skipuleggja námsmatsdaga.

Skoðaðar voru 159 námsáætlanir. Skoðað var:

- er námsáætlun til staðar
- eru bækur skráðar í Innu
- er lýsing samkvæmt námskrá (á við áfanga sem eru í námskrárgrunni)
- er markmið áfanga samkvæmt námskrá
- er námsmat rétt í %
- hvernig skiptist námsmatið
- er lokapróf/símat/sleppikerfi
- er dreifing verkefna og/eða hlutaprófa skráð
- hvernig eru námsmatsvikur skipulagðar
- er áætlaður tími sem nemandi ver í áfangann skráður og hver er hann
- er yfirferð námsefnis til staðar

Niðurstöður skoðunar og viðbrögð

Þegar á heildina er litið voru námsáætlanir betri en í úttekt árið 2018 og margar voru mjög ítarlegar og vel gerðar.

Engu að síður eru umbótatækifærin nokkur, sjá nánar í samantekt hér fyrir neðan. Haft var samband við kennara í þessum tilvikum og viðkomandi beðinn um að laga sína námsáætlun. Kennarar gátu leitað til aðstoðarskólameistara og áfangastjóra eftir aðstoð við lagfæringar.

Samantekt:

- Í 19 (12%) námsáætlunum vantaði lýsingu og markmið eins og námskrárgrunnurinn segir til um. Flestir áfangar iðnnáms eru ekki komnir í námskrárgrunninn heldur eru þeir í eldra kerfi.
- Í 18 (11%) tilvikum höfðu bækur verið skráðar á námsáætlun en ekki inn í Innu sem þýðir að þær voru ekki pantaðar í bókabúðinni og nemendur fengu ekki upplýsingar um bækur fyrr en kennsla hófst.
- 29 áföngum lýkur með lokaprófi, 64 áfangar eru símatsáfangar og 3 með sleppikerfi. Ekki voru taldir með áfangar á starfsbraut og áfangar í dreifnámi.
- Í 58 (35%) áföngum er ástundun og mæting hluti af lokaeinkunn, oftast 10%.
- Í 30 (19%) áföngum kemur ekki fram hvernig verkefni dreifast á önnina.
- Í 45 áföngum er einkunnarregla ekki notuð og í 10 áföngum var um gamla reglu að ræða sem átti eftir að laga.
- Í 30 námsáætlunum var ekki skráð hvað nákvæmlega átti að gera á námsmatsdögum, í flestum tilvikum kemur aðeins fram að það séu námsmatsvikur.
- Skipting námsmats eftir áföngum:
 - Lokapróf 29
 - Símat 64



- Sleppikerfi 3
- U- hópar 36
- Starfsbraut 11
- Óljóst eða vantar 17
- Tímaskráning var almennt slök. Í mörgum tilvikum var aðeins tilgreindur heildartími eða staðinn tími eingöngu. Í fáum námsáætlunum var þessi tími vel skilgreindur.
- Í 21 námsáætlun vantaði alveg upplýsingar um yfirferð verkefna á önninni.



Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf skólans einkennist af fjölbreytilegum stuðningi. Við skólann starfa tveir náms- og starfsráðgjafar í 125% starfshlutfalli. Annar er með sérþekkingu á dyslexíu og hinn jafnframt skólafélagsráðgjafi (var í námsleyfi á skólaárinu 2018-2019). Náms- og starfsráðgjafar eru hluti af stuðningsteymi skólans, ásamt skólahjúkrunarfræðingi, forvarnarfulltrúa og félagslífsfulltrúa og fundar teymið vikulega, ásamt aðstoðarskólameistara og áfangastjóra, um málefni nemenda.

Skólaárið 2018-2019 hlaut skólinn styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna aðgerða gegn brotthvarfi. Í kjölfarið var sett á laggirnar öflugt stuðnings- og námsver innan skólans, Verið. Áhersla Versins er að auka þjónustu við þá nemendur sem eru í brotthvarfshættu og einnig að þjónusta þá nemendur sem eiga við sértæka námserfiðleika að stríða og/eða nemendur sem eiga við annars konar vanda með nám, ásamt alla þá nemendur sem hafa áhuga og sækjast eftir því að nýta sér þjónustu Versins, sér til framdráttar.

Markmið Versins er tvíþætt. Annars vegar að auka færni nemenda í sjálfstæðum vinnubrögðum, bæta líðan, styrkja sjálfsmýnd þeirra og auka námsárangur. Einnig að ýta undir metnað og áhuga á skólastarfi. Hins vegar er það hugsað til að auka þekkingu kennara á stuðningsúrræðum og auka vísýni og þjónustu í námsumhverfi nemenda. Með tilkomu Versins hefur komið aukinn faglegur stuðningur til kennara, sem skilar sér beint til nemandans.

Í Verinu er boðið uppá aðstoð við heimanám í stærðfræði, íslensku og ensku hjá fagkennurum einu sinni í viku í hverri námsgrein. Á öðrum tímum er Verið opið sem lesstofa, en þá geta nemendur skólans nýtt sér stofuna við heimalærdóm. Í Verinu er einnig boðið upp á aðstöðu til að taka próf, þ.e. fyrir þá nemendur sem þurfa að nýta sér sérstofur og/eða fámennar stofur í lokaprófum, en þessir nemendur þurfa gjarnan einnig á þessu sérúrræði að halda í hlutaprófum sem eru á önninni.

Með tilkomu Versins varð stoðþjónustan mun öflugri en hún var. Þar fá nemendur aðgang að faglegri þjónustu, stuðningi og/eða kennslu og rík áhersla er á einstaklingsmiðaða nálgun.

Forvarnir

Á skólaárinu 2018-2019 var heilsu- og forvarnarstefna skólans uppfærð. Markmið stefnunnar er að stuðla að meðvitund nemenda og starfsfólks um samhengið á milli hollrar næringar, hreyfingar, geðræktar, vellíðanar, góðra svefnvenja, náms, starfs og daglegs lífs og hvetja alla til að taka ábyrgð á eigin heilsu. Skólinn setur sér fjögur undirmarkmið sem lúta að hollu mataræði, aukinni hreyfingu, geðrækt og vímuefnavörnum.

Næring

Markmið

- Að stuðla að aukinni vitund um gildi fjölbreyttra, hollra og reglulegra matarvenja fyrir vellíðan og velgengni
- Að nemendur og starfsfólk hafi gott aðgengi að hollu og fjölbreyttu fæði í mótuneytinu
- Að stuðlað sé að því að sem flestir borði hollan og staðgóðan morgunverð



Leiðir að markmiðum

- Ávallt sé boðið upp á heitan mat í hádeginu þar sem Handbók um næringu í framhaldsskólum er höfð að leiðarljósi
- Gátlisti næringar frá Embætti landlæknis sé hafður að leiðarljósi varðandi úrval í mötuneytinu
- Staðgóður og ódýr morgunverður (s.s. hafragrautur) sé í boði í fyrstu frímínútum
- Aðgengi að drykkjarvatni sé gott
- Hollur valkostur sé í boði hvað varðar fundarfæði
- Ráðleggingar Embættis landlæknis um hollt mataræði séu sýnilegar innan skólans og stuðlað sé að fræðslu sem vekur fólk til umhugsunar um gildi hollrar næringar
- Valáfangi í næringarfræði sé í boði

Hreyfing

Markmið

- Að stuðla að aukinni vitund um gildi hreyfingar fyrir heilsu, líðan og árangur
- Að hvetja nemendur og starfsfólk til að gera hreyfingu að hluta af daglegum lífsstíl

Leiðir að markmiðum

- Skólinn stendur fyrir svokölluðu „Hreyfikorti“ þar sem mánaðarlega eru heilsutengdir viðburðir fyrir nemendur og starfsfólk. Margir viðburðanna eru hreyfitengdir, s.s. fjallanga, skólahlaup, íþróttir og leikir og skal hvetja alla til þátttöku
- Bjóða upp á afreksíþróttasvið sem auðveldar íþróttafólki skólans að stunda íþrótt sína með námi
- Hvetja til þátttöku í hvatningarátökum eins og Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna
- Öflugur íþróttaklúbbur nemenda sé starfræktur undir leiðsögn félagslífs- og forvarnarfulltrúa
- Nemendur séu hvattir til þátttöku í ýmsum framhaldsskólamótum í íþróttum
- Kennarar séu meðvitaðir um nýtingu nærumhverfis við kennslu
- Vinna að smíði hjólaskýlis við FVA
- Efla samstarf við nærsamfélag um hreyfingu starfsfólks
- Bjóða upp á áhugaverða valáfanga í íþróttum
- Hvetja nemendur til að nota virkan ferðamáta með því að bjóða upp á áfangann „Göngum/hjólum í skólann“

Geðrækt

Markmið

- Að skólastarfið taki mið af því að hlúð sé að andlegri heilsu nemenda og starfsfólks skólans og að allir leggi sitt af mörkum til að efla jákvæðan skólabrag
- Að gildi FVA, jafnrétti, virðing og fjölbreytileiki, séu öll raungildi skólans en ekki óskagildi
- Að samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu og skólabragurinn endurspeglir virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins
- Að stuðlað sé að jafnrétti þar sem hver einstaklingur fær tækifæri til að njóta sín á eigin forsendum og finni að velferð hans skipti máli

Leiðir að markmiðum

- Fræðsla, þjálfun og vitundarvakning um gildi geðræktar og forvarnir gegn streitu t.d. í kennslustundum, á Opnum dögum og á viðburðum Hreyfikortsins. Stýrihópur FVA um heilsueflingu hafi Handbók um geðrækt í framhaldsskólum að leiðarljósi
- Hvetja til uppbyggilegs félagslífs nemenda sem einkennist af heilbrigðum lífsháttum og miði að því að efla félagsþroska þeirra
- Jafnréttisáætlun og eineltisáætlun skólans sé haldið á lofti og aðgengileg á heimasíðu skólans
- Hvetja til jákvæðra samskipta og að nemendum og starfsfólki sé hrósað fyrir það sem vel er gert



- Skólahjúkrunarfræðingur og náms- og starfsráðgjafar séu starfandi við skólann og starf þeirra eftir
- Miðla upplýsingum til nemenda, foreldra og starfsfólks um hvert sé hægt að leita ef geðrænn vandi steðjar að
- Tekið sé sérstaklega vel á móti erlendum nemendum sem fái tengiliði úr röðum nemenda og kennara
- Valáfangi um jákvæða sálfræði sé í boði

Vímuefnavarnir

Markmið

- Að skólinn sé tóbaks-, áfengis- og vímuefnalaus vinnustaður
- Að félagslíf nemenda einkennist af heilbrigðum lífsháttum

Leiðir að markmiðum

- Áhersla er lögð á jákvæða þætti og heilbrigði en varúðar gætt í miðlun fræðslu um vímuefni fyrir stóran nemendahóp
- Samvinna við foreldraráð um fræðslu fyrir foreldra um vímuefnavarnir unglunga
- Nemendur í sérstakri hættu fái leiðsögn varðandi vímuefnavarnir hjá forvarnafulltrúa, skólahjúkrunarfræðingi eða náms- og starfsráðgjafa og þeim vísað til annarra fagaðila eftir þörfum
- Miðla upplýsingum til nemenda, foreldra og starfsfólks um hvert sé hægt að leita varðandi vímuefnavanda
- Skólinn setji skýrar ballreglur og sanngjörn viðurlög við brotum á þeim sem fylgt er eftir með viðtölum
- Nemendafélag skólans taki virkan þátt í því að hvetja nemendur til vímulauss skemmtanahalds, m.a. með „edrúpottinum“
- Félagslífs- og forvarnafulltrúar vinna með stjórn nemendafélagsins að skipulagningu félagslífs nemenda og hvetja til uppbyggilegra viðburða
- Starfsfólk fylgi fast eftir reglum um tóbaksnotkun nemenda í skólanum og sé sjálft góðar fyrirmyndir
- Að við skólann starfi forvarnarhópur nemenda að jafningjafræðslu eftir áhuga
- Allir nýnemar fái forvarnarfræðslu um vímuefnavarnir og áfengisneyslu

Á skólaárinu 2018-2019 voru starfandi einn forvarnafulltrúi og tveir félagslífsfulltrúar sem störfuðu náið saman, auk náms- og starfsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðings, sem jafnframt er geðhjúkrunarfræðingur, hvað varðar fræðslu um forvarnarmál fyrir nemendur og starfsfólk, viðtöl við nemendur og félagslíf nemenda. Reglur voru hertar um meðferð áfengis, tóbaks, rafrettna og veips í samráði við foreldrafélag skólans á sama tíma og áhersla var lögð á að hvetja nemendur til heilbrigðs lífsstíls. Sýnileg breyting varð á fjölda þeirra nemenda sem hafa þurft afskipti af á skóladansleikjum.

Skólahjúkrun

Skólinn endurnýjaði samkomulag við Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi um fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu sem veitt var nemendum skólaárið 2018-2019.

Verkefni skólahjúkrunarfræðings eru m.a.:

- Að aðstoða nemendur vegna veikinda á skólatíma og veita fyrstu hjálp ef slys verða.
- Að bjóða upp á viðtalstíma fyrir nemendur vegna hvers kyns heilsufarsvanda.



- Að vera tengill milli skólans og nemenda með heilsufarsvanda og eftir atvikum forráðamanna þeirra.
- Að aðstoða nemendur og vera þeim til ráðgjafar varðandi það að leita frekari aðstoðar innan heilbrigðiskerfisins.

Heilsueflandi framhaldsskóli

Heilsueflingarteymi starfar á hverju ári innan skólans. Þar eiga sæti auk verkefnastjóra heilsueflingar fulltrúar nemenda, kennara og annars starfsfólks. Starfsemi teymisins byggir á að hveta nemendur og starfsfólk til heilsusamlegs lífsstíls. Heilsueflingarteymið fundaði reglulega og tók ákveðin viðfangsefni fyrir í hvert skipti. Teymið hélt uppi merkjum heilsueflandi framhaldsskóla með ýmsum viðburðum á skólaárinu 2018-2019, ásamt því að vinna í nýjum gátlistum fyrir heilsueflandi framhaldsskóla frá Embætti landlæknis.

Umhverfismál

Á skólaárinu 2018-2019 starfaði umhverfisfulltrúi við skólann. Fulltrúi Landverndar tók út stofnunina og afhenti skólanum grænfánann í fyrsta skipti. Umhverfisfulltrúi fór í kennslustundir í lífsleikni með fyrirlestra um skaðsemi plasts í september, í tilefni af plastlausum september. Haldin var málstofa um umhverfismál sem umhverfisfulltrúi og kennari í umhverfisfræðum stýrðu. Margir áhugaverðir punktar komu fram og voru niðurstöður umræðna birtar á heimasíðu skólans. Þá skipulagði umhverfisnefnd loftslagsverkfall á Akratorgi þann 23. mars. Loftslagsverkfallið tókst vel og mættu um 200 manns, unglingar og ýmsir bæjarbúar. Á vorönn bættust við bláar tunnur fyrir pappír við hlið hinna sem fyrir voru en nemendur höfðu kvartað um að slíkar tunnur vantaði.

Tillögur umhverfisnefndar fyrir næsta skólaár

- Starf umhverfisnefndar verði einingabært og sett í töflu.
- Stefnt verði að því að minnka sóun í skólanum.
- Haldið verði áfram að sinna síðum umhverfisnefndar á Instagram og Facebook.
- Umhverfisfulltrúi fari í LKN hópa með kennslu um plastleysi og umhverfisvænan lífsstíl.
- Auka flokkun.
- Hvetja til umhverfisvæns lífsstíls.
- Nemendur og starfsfólk taki þátt í því að minnka kolefnisspor skólans með því að minnka sóun, planta trjám og fleira.
- Fegra umhverfið með því að gróðursetja fleiri blóm og hafa fleiri blóm í kennslustofum og vera dugleg að "plokka".

Stefnt er að því að fylgja áfram sjö skrefa ferli skóla á grænni grein, ferli sem miðar að því efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál, og fá að flagga grænfánanum áfram.

Erlend samskipti/samstarf

Á skólaárinu 2018-2019 komu kennarar frá Litháen og Finnlandi í heimsókn til að undirbúa samstarfsverkefni við skólann (Education Lighthouse, sem heitir eftir Akranesvita) og umsjónarmaður erlendra samskipta fór á tengslaráðstefnu í Berlín. Á þeirri ráðstefnu var finnskum kennurum boðið í heimsókn í skólann á haustönn 2019 til að stofna til samstarfs við verknám skólans. Verkefnið Education Lighthouse fjallar um menntunarkröfur í þremur löndum, Íslandi, Finnlandi og Litháen. Stefnt er að því að 15 nemendur fari til Finnlands á haustönn 2019 þar sem unnið verður að ýmsum verkefnum um skólakerfið og nemendur okkar kynna íslenskt skólakerfi. Í Finnlandi verða ýmsir skólar skoðaðir á framhalds- og háskólastigi. Á vorönn 2020 kæmu Finnar og Litháar í skólann þar sem unnin yrðu álíka verkefni. Einnig eru á dagskrá verkefni með kennurum frá Svíþjóð og Finnlandi, Nordic Nature Connection, sem felst í náttúrutengslum, hreyfingu í náttúrunni og túlkun á náttúru í listum og bókmenntum, og Erasmus verkefnið Green Schools for the Future sem fer af stað í janúar 2020 með því að verkefnastjórar hittast og skipuleggja verkefnið sem er samstarfsverkefni Íslands, Þýskalands, Spánnar, Grikklands og Ítalíu. Það má því segja að erlent samstarf dafni vel í skólanum enda stuðla gagnkvæmar heimsóknir að auknum gæðum námsins og auka starfsgleði meðal nemenda og starfsfólks.

Húsnæði skólans

Umsjónarmaður húsnæðis framkvæmdi mat á húsnæði og skólalóð í janúar 2017, með tilliti til þarfa á viðhaldi.

Frá þeim tíma hefur verið fjárfest fyrir umtalsverðar fjárhæðir í kaupum á nauðsynlegum kennslu- og tækjabúnaði og í bættri aðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk. Skólaborð og stólar í kennslustofum hafa verið endurnýjuð og tölvubúnaður skólans hefur allur verið endurnýjaður á sl. tveimur árum. Unnið er að endurbættari FabLab aðstöðu við skólann og kennslurými fyrir mekatrónik og nýsköpun og frumkvöðlamennt. Stefnt er að því að skipta um glugga og klæðningar í rafiðnaðardeild skólans og að setja upp hjólaskýli á tveimur stöðum við skólann. Tengist það heilsustefnu skólans, að hvetja nemendur og starfsfólk til að ferðast um á reiðhjólum. Þá bættist við nýr rennibekkur í málmiðngreinadeild og eldri búnaður hefur verið betrubættur. Á næsta skólaári verður haldið áfram að lagfæra lóð skólans og áfram verður unnið að endurskipulagningu efri hæðar málmiðngreinadeildar, til að skapa betri aðstöðu fyrir FabLab, mekatónik og nýsköpun og frumkvöðlamennt.

Nokkrar framkvæmdir hafi verið í gangi á heimavist skólans. Gert var sameiginlegt svæði fyrir nemendur með eldunaraðstöðu og setustofu, rúm hafa öll verið endurnýjuð og unnið er að endurnýjun á baðherbergjum. Þessar framkvæmdir hafa mælst mjög vel fyrir og aukin aðsókn var að heimavist skólans á skólaárinu 2018-2019. Heimavistin var nánast fullsetin og fjölgun var á nemendum frá Snæfellsnesi og Borgarnesi.

Starfsmannamál

Starfsþróunarsamtölum við kennara sem ekki náðist að ljúka á vorönn 2018 var lokið á haustönn 2018. Í samtalsrammanum sem var endurskoðaður 2018 var farið yfir starfslýsingar, núverandi verkefni og stöðuna á þeim, verkefni framundan, starfsþróun og fræðslu, samstarf, samskipti og annað.

Á vorönn 2019 var tekið samtal við annað starfsfólk en kennara.

Þá var persónuverndarstefna unnin og reglur um persónuvernd á grundvelli persónuverndarlaga kynnt starfsfólki og sett á heimasíðu skólans. Einnig var kynnt fyrir starfsfólki fyrirhuguð innleiðing á jafnlaunakerfi, á grundvelli laga þar um. Fyrirhugað er að innleiðingu jafnlaunakerfis verði lokið fyrir lok desember 2019.

Gögn sem lögð hafa verið til grundvallar mælikvörðum er varða ánægju starfsmanna eru niðurstöður SFR könnunar á stofnun ársins. Í stofnun ársins 2017 var skólinn í 84. sæti með heildareinkunnina 3,402 og 2018 í 77. sæti með heildareinkunnina 3,525. Skólinn setti sér eftirfarandi viðmið í stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára:

2019: Heildareinkunn fari yfir 3,6

2020: Heildareinkunn fari yfir 3,7

2021: Fer eftir stöðu 2020

Um helmingur starfsfólks hefur tekið þátt í könnunum um „Stofnun ársins“ síðustu ár og vikmörk hafa verið fremur há. Ljóst er af svörum þeirra sem tóku þátt í síðustu könnun, og svara með frekar ósammála og mjög ósammála, að það er ýmislegt sem má bæta að þeirra mati, einkum launakjör, starfsanda, vinnustaðamenningu og traust til stjórnenda. Gera má því skóna að þar sem kennarar hafa ekki náð fram sínum kröfum við gerð nýs stofnanasamnings, þá endurspeglar þeirra viðhorf með neikvæðum hætti í könnuninni, auk þess sem að launabáttur könnunarinnar hefur þó nokkuð vægi. Fast hefur þurft að taka á ýmsum málum í skólanum vegna uppsafnaðs rekstrarhalla og ýmsum gömlum venjum þurfti óumdeilt að breyta í skólastarfinu. Nauðsynlegar aðgerðir voru ekki vinsælar meðal hluta starfsmanna og viðbúið er að nokkurn tíma taki fyrir þá að sætta sig við breyttar aðstæður.

Fengin hefur verið ítarleg greining frá Gallup á niðurstöðum SFR og þær ræddar í starfsmannahópnum, þar sem starfsmenn komu með áskoranir og lausnir við hvern þátt. Í framhaldi af þeirri vinnu hafa eftirfarandi atriði verið sett í forgang: Tölvukostur hefur verið bættur til muna, félagslíf starfsmanna hefur verið eflt, árleg starfsmannaviðtöl, kennarafundum fjölgað, tækjabúnaður bættur umtalsvert, mætingareglur nemenda endurskoðaðar, heimasíða og logo uppfært, unnið með hugmyndir úr SVÓT greiningu og stuðningsþjónusta við nemendur eflað.

Á skólaárinu var einnig unnið með gildi skólans, jafnrétti, virðingu og fjölbreytileika, á þjóðfundi þar sem nemendur og starfsfólk útfærðu gildin nánar og hvaða merkingu þau höfðu fyrir skólasamfélagið. Þá voru haldnar vinnustofur fyrir starfsfólk þar sem meðal annars var unnið með samskipti og styrkleika.

Einnig var haldið fræðsluerindi fyrir nemendur og starfsfólk um mikilvægi góðra svefnvenja.

Gæðastjóri/verkefnastjóri mannauðsmála var ráðin við skólann í skólabyrjun 2018 og er eitt af verkefnum hennar að hafa umsjón með gerð gæðahandbókar í samstarfi við gæðaráð, ásamt því að



hvetja og ýta undir þekkingu, sköpunarkraft, frumleika og trygglyndi meðal starfsmanna í garð stofnunarinnar. Væntingar eru til þess að þetta nýja starf stuðli að góðum tengslum milli stjórnenda skólans og almennra starfsmanna og skapi starfsumhverfi sem er hvetjandi, sem leiði svo aftur til þess að starfsmenn kjósi að leggja meira á sig til þess að hagur bæði þeirra og stofnunarinnar aukist.

Þróunarverkefni í skólastarfi 2018-2019

Í vinnu við innleiðingu nýrrar námskrár í rafiðnadeild skólans var nýr áfangi kynntur til sögunnar vorið 2018, áfanginn MECH3FV05. Markmið áfangans er að nemendur geti hannað og smíðað forritanlega vél og vinnslulínur þar sem róbótar koma við sögu. Áfanginn er fyrsta skref í að búa til fleiri áfanga eða jafnvel námsbraut/svið í mekatrónik sem yrði samvinnuverkefni raf- og málmíðnadeilda skólans. Við gerð áfangans var litið til stærri fyrirtækja í þessum geira, og markmiðið er að nemendur sem útskrifast með þetta viðbótarnám fái jafnvel með því viðurkenningar á færni frá fyrirtækjum á borð við Siemens, Allen Bradley, Mitsubishi, Cisco og Festo. Þannig myndi skólinn auka verðmæti námsins.

Mekatrónik (Mechatronic), stundum þýtt sem véleindafræði (véla- og rafeinda), eða hátækni verkfræði/tæknifræði, er þverfagleg nálgun á hönnun tækja þar sem sami hönnuðurinn hefur vald á bæði véla- og rafmagnshluta verkefnis. Flóknari tæki og meiri sjálfvirkni kallar á frekari menntun hjá iðnaðarmönnum og kallið kemur sérstaklega frá stórum vinnustöðum á Vesturlandi svo sem Norðuráli, Elkem, Skaginn 3x og fleirum. Þeir sem myndu fá mekatrónik menntun á framhaldsskólastigi, öðluðust hæfni í að greina og laga bilanir í flóknum tækjum þar sem annars þyrfti samvinnu rafvirkja og vélvirkja.

Unnið verður áfram að þessu verkefni á skólaárinu 2019-2020.

Á skólaárinu 2018-2019 auglýsti skólinn styrki til þróunarverkefna kennara. Verkefni um fjölbreyttar kennsluáferðir varð fyrir valinu, verkefni sem byggði á fyrri vinnu starfshóps um sama efni. Starfshópurinn byggði upp faglegt samstarf til að draga úr einangrun kennara, stuðla að samvinnuþróun og sameiginlegri sýn og gildum. Þróunarverkefnið stuðlaði að umræðu nemenda um hugtakið fjölbreyttir kennsluhættir, og þeir kennarar sem leiddu verkefnið rýndu markvisst í það skipulag sem þeir höfðu á kennslu sinni, samskiptum við nemendur, viðfangsefnum og námsefni í því skyni að nemendur lærðu það sem að var keppt, auk þess sem að þeir beittu mismunandi kennsluáferðum í sínum áföngum markvisst.

Afurð verkefnisins var kynnt fyrir kennurum á kennarafundi og þeir beðnir um að íhuga hugtakið fjölbreyttir kennsluhættir og ræða í litlum hópum. Áfram er stefnt að því að vinna með þetta mikilvæga mál og setja á laggirnar hugmyndabanka, þar sem hver og einn kennari getur lagt til verkefni og að sama skapi nýtt sér hugmyndir annarra.

Umbótaáðgerðir

Faglegt samstarf og þróunarstarf

Í kennslukönnunum kom í ljós að fast að 80% nemenda telja kennara ekki nota fjölbreyttar kennsluáðferðir, að kennari hvetji nemendur ekki til sjálfstæðra vinnubragða og að kennari hvetji nemendur ekki nægilega til að hugsa á gagnrýninn hátt. Kennarar við skólann sem eru virkir í þróun fjölbreyttra kennsluhátta leggja til að í kennslukönnun komi fram hvað felst í fjölbreyttum kennsluháttum í stað þess að nemendur svari opnum spurningum sbr.: Kennarinn notar fjölbreyttar kennsluáðferðir. Bæta þarf kennslukönnun, m.a. með tilliti til framangreinds.

Til að þróa þetta til betri vegar hefur faglegt samstarf og þróunarstarf verið aukið m.a. með því að bæta við fundartíma kennara einu sinni í viku. Níu slíkir fundir eru skipulagðir á hvorri önn, haust 2019 og vor 2020.

Jafnframt er fyrirhugað að á haustönn 2019 verði unnið áfram með starfendarannsóknir.

Gerð námsáætlana

Miklar umbætur hafa orðið á námsáætlunum frá fyrra ári þó nokkuð vanti enn uppá. Haldið verður áfram að fara vel yfir námsáætlanir og leiðbeina kennurum við gerð þeirra. Í nýrri skólanámskrá er fjallað um nauðsyn þessa að vanda til verka.

Notkun einkunnarreglu í Innu

Einkunnarregla í Innu er ekki nægilega mikið notuð og þarf að bæta það. Þá hafa verið hnökror í Innu og þrátt fyrir nokkrar lagfæringar hjá Advania eru einkunnarreglur ekki orðnar nægilega góðar. Þetta hefur ekki verið hvati til kennara til að nota þær. Fyrirhugað er námskeið og fræðsla til kennara á haustönn 2019 til þess að styðja við aukna notkun kennara á einkunnarreglu í Innu.

Farsælt námsgengi í framtíð

Í stefnumiðaðri áætlun FVA til ársins 2021 hafa verið teknar saman nokkrar lykiltölur er varða nemendur og gengi þeirra í námi og markmið sem stefnt er að, þ.e. að minnka brotthvarf úr námi með það markmiði að fleiri nemendur ljúki prófi á tilsettum tíma.

- **Hlutfall nýnema sem sækir um nám í verk- og starfsnámi**
Á haustönn 2017 sóttu 23,3% nýnema um verk- og starfsnám og 25,2% á haustönn 2018. Markmið skólans var að ná þessu upp í 26% á árinu 2019. Þetta eru mun hærrí tölur en gert er ráð fyrir í áætlunum mennta- og menningamálaráðuneytisins þar sem markmiðið er 20% fyrir árið 2020.
- **Hlutfall nýnema sem ljúka fyrsta ári með a.m.k. 40 einingum á skólaárinu eða 20 einingum á önn**
Á haustönn 2017 náðu 66,4% nemenda ofangreindu markmiði og 82,9% á vorönn 2018. Markmið fyrir árið 2019 er 77%, árið 2020 78% og árið 2021 80%. Árangurinn á vorönn 2018 var því umfram þau viðmið sem sett höfðu verið.

Ætlunin er að fylgja þessu eftir og kanna hversu margir ljúka a.m.k. 80 einingum eftir annað árið.

- **Útskriftarhlutfall**
Á vorönn 2019 var í fyrsta sinn skoðað útskriftarhlutfall nemenda. Farið var yfir nemendur sem innrituðust í FVA úr 10. bekk á haustönn 2015.



Niðurstöðurnar voru að 43% nemenda á stúdentsbrautum útskrifuðust eftir 6 anna nám en 18% til viðbótar útskrifuðust eftir 7 annir og 14% voru enn í námi á áttundu önn. 25% nemenda hafði hætt námið.

Markmiðið er að nálgast það viðmið, sem sett var um umbætur í menntun á Íslandi til ársins 2018, að 60% nemenda ljúki námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma, þ.e. að hærra hlutfall útskrifist eftir 6 anna nám í samræmi við það sem lagt er upp með í námskrá framhaldsskóla. Niðurstöður athugana á framvindunni í lok anna þarf að nýta til að styðja við nemendur á þann veg að þeir nái sem flestir að ljúka námi á tilsettum tíma.

Í iðnnámi útskrifuðust 39% nemenda á tilsettum tíma, 4% einni önn síðar, 25% eru enn í námi og 26% eru hættir námi. Fjöldi nemenda sem eru enn í námi skýrist af því að stór hópur nemenda í iðnnámi í FVA tekur viðbótarnám til stúdentsprófs og útskrifast af báðum brautum á sama tíma. Upplýsingar um viðbótarnám eru aðgengilegar á heimasíðu:

<https://www.fva.is/index.php/78-namidh/1456-vidbotarnam>

Þróun á innra mati hjá FVA

Fram er komið að mat á árangri vinnu sem miðar að því að uppfylla stefnu og markmið má m.a. sjá í niðurstöðum innra mats sem byggir einkum á eftirfarandi:

- Viðhorfskönnunum
- Kennslukönnunum
- Rýni í töluleg gögn
- Viðtölum
- Rýnihópum

Á skólaárinu 2018-2019 voru rýndar niðurstöður viðhorfskannana og kennslukannana og rýnt í töluleg gögn. Einnig var unnið nokkuð í rýnihópum, svo sem á vikulegum kennarafundum og fagkennarafundum. Viðtöl voru ekki notuð. Til að bæta innra mat er fyrirhugað á haustönn 2019 að koma á fót matsteymi (sjálfsmat) fyrir innra mat og efla með því faglegt innra mat hjá FVA þar sem skólanámskráin er þungamiðjan. Við þurfum að meta árangur af skólasterfinu, hvernig við stöndum okkur, greina styrkleika okkar, hvað við erum að gera vel og hvar umbótatækifærin liggja. Gera þarf matsáætlanir til lengri og skemmri tíma, tilgreina viðfangsefni matsins, hvaða gögn skulu liggja að baki og setja fram viðmið um árangur. Matsferlið þarf að skipuleggja vel og því þarf að stjórna: Skipuleggja, gera, skoða, fylgja eftir. Gæðastjóri leiðir starfið ásamt fulltrúa úr stjórnendateymi en í matsteyminu munu jafnframt eiga sæti 2 nemendur, 2 kennarar og fulltrúi annarra starfsmanna, samtals 7 manns. Leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytisins um innra mat framhaldsskóla (2016) ásamt gátlistum sem þar eru aðgengilegir verða lagðar til grundvallar í fyrstu skrefum verkefnisins. Gert er ráð fyrir að drög að matsáætlun liggi fyrir í febrúar 2020 og matsteymið hafi skilað niðurstöðum mats á grundvelli áætlunarinnar, í fyrsta sinn í maí 2020.



Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið leitast við að draga fram þætti í starfsemi skólans, skipulagi og námskrá og tengja niðurstöðum kannana samkvæmt aðgerðaáætlun að viðbættri rýni á þætti sem betur mega fara. Þær afurðir hafa verið lagðar til grundvallar við mótun aðgerða og viðbragða fyrir næstu skólaár, þar sem ætlunin er að efla og viðhalda fagmennsku í skólastarfi hjá FVA, s.s. að bæta námsárangur og námsaðstæður nemenda.

September 2019